

27. mars 2006

ÚT MEÐ TÖLVUMÁL HINS OPINBERA

Viðskiptaráð hefur á síðustu árum bent á hluti sem betur væru komnir í höndum einkaaðila. Hefur ráðið jafnan miðað við það að ef tiltekið verkefni væri jafn vel eða betur unnið af einkaaðilum með jafn miklum eða minni tilkostnaði þá ætti ríkið að eftirláta einkaaðilum að sinna því. Á þetta við um mörg þau verkefni sem ríkið er enn í dag að inna af hendi. Skýrr hf. bauðst nýverið til að leysa ýmsar tölvudeildir ríkisins af hólmi með 20% minni tilkostnaði fyrir ríkið. Svör ríkisins voru ekki eins jákvæð eins og við hefði mátt búast.

Ríkið getur falið einkaaðilum að sinna verkefnum með þrennum hætti.

- Í fyrsta lagi getur það gerst með einkavæðingu þar sem ríkið selur einkaaðila tiltekna starfsemi eða hættir einfaldlega að starfrækja hana.
- Í öðru lagi getur það gerst með einkarekstri en það er það þegar ríkið fær einkaaðila til að annast rekstur tiltekins verkefnis en stendur áfram straum af þeim kostnaði sem honum fylgir.
- Í þriðja lagi getur ríkið úthýst verkefnum en með því er átt við að afmarkað verkefni stofnunar sé falið einkareknum verktaka gegn gjaldi.

Nú er ætlunin að beina sjónum að úthýsingu tölvuþjónustu hins opinbera.

INNKAUPASTEFNA RÍKISINS SKREF Í RÉTTA ÁTT

Ríkisstjórnin samþykkti innkaupastefnu ríkisins þann 15. nóvember 2002. Markmið stefnunnar er að ná fram sparnaði í opinberum innkaupum m.a. með því að bjóða út verkefni og rekstrarþætti sem nú eru hluti ríkisrekstrar. Þar segir að krafan um bestu kaup nái ekki eingöngu til aðkeyptrar vöru og þjónustu, heldur einnig til innri rekstrar ríkisins. Rekstur ríkisins verður ávallt að standast samanburð við það sem gerist á almennum markaði. Þá segir í stefnunni að komi fram hugmyndir af hálfu einkaaðila um að leysa verkefni með hagkvæmari hætti, verði viðkomandi ríkisaðili að sýna fram á hver kostnaður hans er af verkefninu og gaumgæfa hvort það sér örugglega leyst með hagkvæmari hætti af hans hálfu.

GOTT TILBOÐ SKÝRR HF.

Þann 20. október síðastliðinn sendi Skýrr hf. fjórum ráðuneytum bréf. Í fyrsta lagi var samgönguráðuneyti sent tilboð þar sem fyrirtækið bauðst til að taka að sér rekstur tölvudeildar Umferðarstofu fyrir 20% lægra verð en nemur kostnaði við rekstur hennar í dag. Í öðru lagi var dómsmálaráðuneyti sent tilboð þar sem boðist var til að leysa öll verkefni Tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytis fyrir 20% lægra verð. Í þriðja lagi var fjármálaráðuneyti sent tilboð þar sem boðist var til að reka tölvudeild Fasteignamats ríkisins fyrir 20% lægra verð. Að lokum var heilbrigðisráðuneyti sent bréf þar sem boðist var til að reka tölvukerfi Tryggingastofnunar fyrir 20% lægra verð. Í bréfunum var vísað til innkaupastefnu ríkisins sem nefnd er að ofan. Tilboðin voru án virðisaukaskatts, en það ætti ekki að koma að sök fyrir ríkið þótt hann bætist við enda skilar hann sér aftur í ríkissjóð.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Fjármála- og heilbrigðisráðuneyti hafa ekki svarað tilboðum Skýrr hf. þótt nú séu fimm mánuðir liðnir frá því að þau voru send. Samgönguráðuneytið svaraði erindi Skýrr hf. neitandi þann 26. október. Í bréfi ráðuneytisins var látið duga að rökstyðja ákvörðunina þannig: „...ekki eru uppi áform að sinni um að færa umrætt verkefni frá Umferðarstofu.“ Dómsmálaráðuneyti svaraði erindi Skýrr hf. einnig neitandi með bréfi þann 1. desember. Í svörum ráðuneytisins var lítið um rökstuðning og vísað til þess að verið væri að endurskipuleggja starfsemi tölvumiðstöðvarinnar, meðal annars í samstarfi við einkaaðila.

Ekki var með neinum hætti reynt að útskýra hvers vegna vikið var frá innkaupastefnu ríkisins með þessum hætti eða hvernig til stæði að réttlæta það fyrir skattgreiðendum að kostnaður við þessi verkefni yrði ekki minnkaður.

KOSTIR ÚTHÝSINGAR ERU MIKLIR

Aðkoma einkaaðila að verkefnum hins opinbera er ekki markmið í sjálfu sér. Viðskiptaráð áréttar hins vegar mikilvægi þess að einkaaðilum sé veitt aðkoma að verkefnum ríkisins geti þeir sinnt þeim jafn vel eða betur og með jafn miklum eða minni tilkostnaði en ríkið. Þegar kannað er hvernig tölvuþjónusta hins opinbera fellur að þessu eru kostir þess að úthýsa þjónustunni miklir.

Ef marka má tilboð Skýrr hf. geta einkaaðilar tekið að sér þessi verkefni með minni tilkostnaði en ríkið. Einkafyrirtæki í upplýsingatækni sinna þegar tölvuþjónustu fyrir gífurlegan fjölda einkaaðila og einnig einhverja opinbera aðila. Þannig geta tölvufyrirtæki í krafti stærðar sinnar náð fram hagkvæmni í rekstri tölvukerfa sem skilar sér í lægra verði til viðskiptavina þeirra. Það er ekki tilviljun að æ fleiri fyrirtæki kjósa að úthýsa verkefnum af þessum toga. Stofnanir hins opinbera virðast hinsvegar ekki hafa fylgt þessari þróun.

Í öðru lagi er líklegt að tölvufyrirtæki geti innt þessi verkefni af hendi betur en stofnanirnar sjálfar. Það er ljóst að fyrirtæki með tugum eða hundruðum sérhæfðra starfsmanna eru betur í stakk búin til að sinna daglegum og óvæntum verkefnum heldur en fámenn tölvudeild ríkisstofnunar.

VSK - VANDINN

Tölvufyrirtækjum ber að innheimta 24,5% virðisaukaskatt af þeirri þjónustu sem þau selja bæði einkaaðilum og opinberum aðilum. Þetta kemur þó ekki að sök fyrir þá einkaaðila sem kaupa þjónustuna enda geta þeir notað þennan skatt til frádráttar þeim skatti sem þeir leggja sjálfir á þá vöru og þjónustu sem þeir selja. Vara og þjónusta ríkisins er hinsvegar almennt ekki virðisaukaskattskyld þannig að stofnanir sem kaupa þjónusta af tölvufyrirtækjum þurfa einfaldlega að greiða virðisaukaskattinn og geta ekki notað hann til frádráttar. Þetta skattatæknilega vandamál erfiðar til muna úthýsingu verkefna, ekki bara hvað varðar tölvuþjónustu.

NIÐURSTAÐA

Rétt er að hvetja ríkið til að úthýsa tölvumálum sínum í auknum mæli enda eru einkaaðilar í stakk búnir til að sinna þeim með ódýrari og skilvirkari hætti en ríkið sjálft. Það er skýlaus krafa atvinnulífsins að ríkið leitist við að draga úr samkeppni ríkisstofnana við einkaaðila. Að sama skapi er eðlilegt að gera þá kröfu til ríkisins að það sýni ráðdeild í rekstri og leiti leiða til að draga úr rekstrarkostnaði sem fellur að lokum á skattgreiðendur.

Nánari upplýsingar veita Halla Tómasdóttir framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands í síma 510 7100 og Hreinn Jakobsson forstjóri Skýrr hf. í síma 569-5100.

